

að staurnum og brotið hann. Þykir því ekki orka tvímælis um það, að dæma beri kærðan til þess að greiða Kristni Jónassyni umkrafða upphæð, kr. 596.00.

Refsing kærða fyrir framangreind brot gegn áfengislögunum og bifreiðalögunum þykir hæfilega ákveðin 500 króna sekt, sem afplánist með 10 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins. Enn fremur ber að svipta kærðan ökuréttindum um 4 mánaða skeið frá sama tíma að telja.

Loks ber honum að greiða allan sakarkostnað.

**Því dæmist rétt vera:**

Kærður, Gunnar Gunnarsson, greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann skal og sviptur leyfi til þess að mega stjórna bifreið 4 mánuði frá sama tíma að telja.

Hann greiði enn fremur innan 4 vikna frá dómsbirtingu Kristni Jónassyni rafstöðvarstjóra samkvæmt kröfu hans iðgjöld, að upphæð kr. 596.00. Loks greiði hann allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Föstudaginn 12. maí 1944.

Nr. 109/1943. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

**Bjarnheiði Brynjólfsdóttur**

(Sveinbjörn Jónsson).

Brot á verðlagsákvæðum.

**Dómur hæstaréttar.**

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo að sekt kærðu sé kr. 300.00, sem afplánist varðhaldi 10 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðu ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 350.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærða, Bjarnheiður Brynjólfsdóttir, greiði 300 króna sekt til rikissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Kærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, kr. 350 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 12. okt. 1943.

Ár 1943, þriðjudaginn 12. október, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í Pósthússtræti 3 af fulltrúa sakadómara Einari Arnalds, úppkveðinn dómur í málinu nr. 2365/1943: Valdstjórnin gegn Bjarnheiði Brynjólfsdóttir, sem tekið var til dóms 18. f. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn frú Bjarnheiði Brynjólfsdóttur til heimilis Hafnarstræti 18 hér í bæ fyrir brot gegn auglýsingu verðlagsstjóra um hámarksverð og hámarksálagningu á greiðasölu frá 2. apríl 1943, sbr. lög um verðlag nr. 3 13. febr. 1943.

Kærða er komin yfir lögaldur sakamanna og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Tildrög þessa máls eru þau, að 2. apríl 1943 birti verðlagsstjórinn auglýsingu, þar sem sagt var, að viðskiptaráðið hefði ákveðið hámarksverð og hámarksálagningu á greiðasölu eins og hér segir:

Fullt fæði karla . . . . . kr. 320.00 á mánuði.

Fullt fæði kvenna . . . . . — 300.00 — —

Jafnframt var bannað að rýra magn eða gæði þess, sem framreitt er, frá því sem verið hefur.

Ákvæði þessi gengu í gildi frá og með 8. apríl 1943.

Kærða hefur rekið matsölu í mörg undanfarin ár. Hefur matsala hennar lítið selt af lausum máltiðum, og engir kvenmenn hafa haft fæði þar. Síðastliðinn aprilmánuð borðuðu um 40—50 karl-

menn daglega á matsölu hennar. Höfðu þeir ýmist dag-, viku- eða mánaðarfæði. Þeir, sem höfðu dagfæði, greiddu kr. 11.50 á dag, og þeir, sem höfðu vikufæði, greiddu þessa upphæð margfaldaða með dagatölunni. Mánaðarfæðismenn greiddu flestir kr. 11.50 margfaldað með dagatölu mánaðarins, en sumir þeirra segir kærða að hafi greitt eitthvað minna, en ekki hefur fengizt upplýst, hvað þeir hafi greitt né hvað þeir hafi verið margir.

Þann 1. maí lækkaði kærða verðið á karlmannsfæði í kr. 320.00 á mánuði. Varð dagfæði þá þessi upphæð deild með 30 og vikufæði samsvarandi.

Þegar verðlagsákvæðin um greiðasölu voru auglýst, var haldinn fundur í Matsölufélagi Reykjavíkur, sem kærð er félagi í. Á þessum fundi skýrði formaður félagsins frá því, að hann hefði átt tal við verðlagsstjóra fyrir félagsins hönd um verð á föstu fæði, og hefði verðlagsstjóri sagt, að matsölum væri leyfilegt að taka sérstakt gjald fyrir mjólk, sem drukkin væri með mat, en ekki notuð í matinn eða út á grauta, enda þótt slíkt gjald hafi eigi verið tekið áður, og mætti því bæta við hið auglýsta matarverð sem svaraði kr. 25.00 á mánuði fyrir mjólk. Kærða kveðst þó hafa skilið formanninn þannig, að selja mætti einnig sérstaklega alla mjólk út á spónamat, að undantekinni þeirri mjólk, sem notuð væri um miðjan daginn. Kveðst kærða hafa treyst ummælum formannsins og því haldið áfram að selja fæði á kr. 11.50 á dag, þegar hámarksákvæðin gengu í gildi, enda ekki staðið sig við að selja mánaðarfæðið á 320 krónur með því að láta kostgangara fá eins mikla mjólk og áður.

Verðlagsstjóri hefur neitað að hafa viðhaft fyrrgreind ummæli við formann Matsölufélags Reykjavíkur og segir, að aldrei hafi komið til mála að lækka verð á fæði þannig að kippa út úr því einum lið, sem svo yrði seldur sérstaklega, enda væri skýrt tekið fram í tilkynningunni frá 2. apríl, að bannað væri að rýra magn eða gæði þess, sem framleitt væri, frá því sem verið hefði.

Þegar samtal þetta milli verðlagsstjóra og formanns Matsölufélags Reykjavíkur fór fram, voru viðstaddir þrír menn, en enginn þeirra getur borið um, hvað þeim fór á milli.

Þá hefur kærða borið, að ýmsir af fæðisgestum hennar hafi á kvöldin fengið með sér kaffi í brúsa, sem þeir höfðu svo með sér á vinnustað að morgni. Tíðkaðist þetta bæði fyrir og eftir að verðlagsákvæðin gengu í gildi. Vitnið Karl Laxdal Björnsson hefur staðfest þetta, hvað sig snerti, og borið, að það hafi aldrei greitt sérstaklega fyrir kaffi þetta, og að engin breyting hafi á þessu orðið, er verðlagsákvæðin um fæði gengu í gildi. Kærða hefur ekki viljað upplýsa, hvað margir af fæðisgestum hennar hafi í síðastliðnum aprilmánuði fengið slíkt kaffi með sér á vinnustað. Segist hún ekkert vita um, hvort það hafi verið reiknað aukalega,

nema að sérstakt gjald hafi ekki verið tekið fyrir kaffi það, er vitnið Karl Laxdal Björnsson fékk.

Af hálfu kærðu hefur því verið haldið fram, og í tilkynningu verðlagsstjóra frá 2. apríl sé talað um mánuð, og geti það eins átt við 4 vikur eða 28 daga eins og venjulegan almanaksmánuð, og fæði í 28 daga á kr. 11.50 á dag verði kr. 322.00. En eins og tilkynningin er orðuð, verður ekki hægt að skilja hana á annan veg, en að átt sé við almanaksmánuð. Ef kærða var í einhverjum vafa um þetta atriði, var henni innan handar að leita álits viðskiptaráðs eða verðlagsstjóra um þetta, áður en nefnd verðlagsákvæði gengu í gildi.

Eins og málsatvikum hefur verið lýst hér að framan, verður að telja, að kærða hafi með því að selja karlmannsfæði frá 8.—30. apríl s. l. almennt á kr. 11.50 á dag brotið gegn auglýsingu verðlagsstjóra frá 2. apríl s. l. um hámarkeverð og hámarksálagningu á greiðasölu.

Þar sem eigi er unnt að upplýsa, hverju ólöglegur ágóði kærðu af verðlagsbroti þessu nemi, verður sá ágóði eigi gerður upptækur, en rétt þykir við ákvörðun sektarinnar að hafa hliðsjón af, hve mikill þessi ólöglegi ágóði muni hafa verið eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja.

Að þessu athuguðu þykir refsing kærðu fyrir áðurnefnt brot samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 3 13. febrúar 1943 um verðlag hæfilega ákveðin 600 króna sekt til rikissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Eiríks Pálssonar lögfræðings, kr. 200.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

#### Því dæmist rétt vera:

Kærða, Bjarnheiður Brynjólfsdóttir, greiði 600 króna sekt til rikissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Eiríks Pálssonar lögfræðings, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.